

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð æðaskurðlækninga.

1. gr.

Nafn og varnarþing.

Sjóðurinn heitir *Rannsóknarsjóður æðaskurðlækninga*. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru læknarnir:

Gunnar H. Gunnlaugsson	kt. 120635-2639
Halldór Jóhannsson	kt. 160632-2759
Stefán E. Matthíasson	kt. 040558-5199

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 525.000 kr. og skal það ávallt haldast óskert að raungildi.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa fimm læknar búsettir á Íslandi og allir gildir félagar í Æðaskurðlækningafélagi Íslands:

1. Stofnendur sjóðsins (3).
2. Einn skipaður af stjórn Æðaskurðlækningafélags Íslands og skal viðkomandi vera gildur félagi í Æðaskurðlækningafélagi Íslands á starfstímanum.
3. Einn skipaður af forstjóra Landspítala, háskólasjúkrahúss í samráði við stjórn Æðaskurðlækningafélags Íslands.

Sjórnin skiptir með sér verkum:

1. Formaður, sem er sérfræðingur í æðaskurðlækningum.
2. Varaformaður.
3. Ritari.
4. Gjaldkeri.
5. Meðstjórnandi.

Ef stofnandi óskar eftir að vera leystur frá stjórnarstörfum velur hann eftirmann í stjórn í sinn stað úr hópi gildra félaga Æðaskurðlækningafélags Íslands.

Falli stofnandi frá skal stjórn sjóðsins sem eftir situr velja nýjan stjórnarmann úr hópi gildra félaga Æðaskurðlækningafélags Íslands.

Formaður kallar saman fundi stjórnar. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundum stjórnar þegar þurfa þykir.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að rannsóknum, menntun og vísindum á sviði æðaskurðlækninga. Meðal annars með verkefnum sem unnin eru á vegum sjóðsins, tækjakaupum til rannsókna og fræðistarfa, rannsóknarstyrkjum, greiðslum til aðstoðarfólks, styrkjum til ferða,

sí- og endurmenntunar, fræðslu og ráðstefnuhalds. Ennfremur skal heimilt að greiða einstaklingum umbun fyrir aðstoð við rannsóknarvinnu og vel unnin störf að rannsóknum, menntun og vísindum á sviði æðaskurðlækninga svo og starfsmanni sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja árlega starfsemi Æðaskurðlækningafélags Íslands með beinum fjárframlögum í anda tilgangs sjóðsins.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- 1) Tekjur af samstarfssamningum við Íslenska erfðagreiningu ehf.
- 2) Tekjur af rannsóknum eða samstarfssamningum við önnur fyrirtæki.
- 3) Hvers kyns rannsóknarstyrkir og framlög til rannsóknaverkefna á vegum sjóðsins.
- 4) Arður af ávöxtun sjóðsins.
- 5) Opinber framlög og greiðslur.
- 6) Aðrar tekjur.

7. gr.

Úthlutanir.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. einu sinni á ári eða oftar ef ástæða þykir til. Stjórnin markar stefnu um upphæðir úthlutana hverju sinni miðað við ávöxtun og höfuðstól sjóðsins. Umsóknir skal auglýsa. Sjóðstjórn skal leita umsagnar fagráðs Æðaskurðlækningafélags Íslands um úthlutanir til rannsóknaverkefna.

8. gr.

Umsýsla sjóðsins.

Stjórnin annast vörslu sjóðsins, ávöxtun og bókhald hans. Stjórninni er heimilt að fela viðurkenndu fyrirtæki á fjármálamarkaði umsýslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við markaða stefnu sjóðstjórnar þar um.

Stjórnin skal halda fundargerðabók um alla fundi og ákvarðanir og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Stjórnunar-, umsýslu- og risnukostnaður greiðist af tekjum sjóðsins og er stjórninni heimilt að greiða starfsmanni þóknun fyrir vinnu í þágu sjóðsins fyrir umsýslustörf, sbr. 5. gr.

Einfaldur meirihluti ræður í öllum ákvörðunum stjórnar.

9. gr.

Reikningar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. september ár hvert. Endurskoðun sjóðsins skal fela endurskoðanda Landspítala, háskólasjúkrahúss eða löggiltum endurskoðanda sem samþykktur er af forstjóra Landspítala, háskólasjúkrahúss.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, ef allir stjórnarmenn eru sammála þar um. Slíkar breytingar skulu hljóta staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á sama hátt og skipulagsskráin. Aldrei má breyta ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.

Sjóðsslit.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að leggja hann niður, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Skulu eignir hans þá renna til tækjakaupa eða hvers kyns vísinda og rannsóknarstarfsemi samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar í samræmi við 5. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Faney Óskarsdóttir.